

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 361/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/963 frá 10. júní 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429, (ESB) 2016/1012 og (ESB) 2019/6 að því er varðar auðkenningu og skráningu dýra af hestaætt og um að koma á fyrirmyndum að auðkennisskírteinum fyrir þessi dýr ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Íslandi.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 3a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/659) í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„3b. **32021 R 0963**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/963 frá 10. júní 2021 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429, (ESB) 2016/1012 og (ESB) 2019/6 að því er varðar auðkenningu og skráningu dýra af hestaætt og um

⁽¹⁾ Stjórið. ESB L 213, 16.6.2021, bls. 3.

að koma á fyrirmyndum að auðkennisskírteinum fyrir þessi dýr (Stjtíð. ESB L 213, 16.6.2021, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er varðar EFTA-ríkin er eftirfarandi er bætt við b-lið 1. mgr. 46. gr.:

„eða til gildistökudags ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. desember 2021, hvort sem ber upp síðar.“

- b) Að því er varðar EFTA-ríkin er eftirfarandi bætt við á eftir orðunum „28. janúar 2022“ í 47. gr.:

„eða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 371/2021 frá 10. desember 2021, hvort sem ber upp síðar.“

Ákvæði þessarar gerðar gilda ekki gagnvart Íslandi.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/963, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.